

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Norðurþingi.

1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir sorphirðu í Norðurþingi svo sem nánar greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru í fasteignamati sem og öll frístundahús. Einnig skal sorphirðugjald lagt á aukaíbúðir í húsum sem virtar eru í fasteignamati sem óskiptar eignir.

Sorphirðugjald greiðist með fasteignagjaldi og eru gjalddagar þess hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

Dráttarvextir greiðast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

Sorphirðugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

3. gr.

Fastagjald sorphirðu á hverja íbúð í Norðurþingi er 34.500 kr. á ári. Við það bætist breytilegt árgjald (losunargjald íláta) samkvæmt 6. gr. gjaldskrár þessarar.

Fastagjald sorphirðu á hvert frístundahús í Norðurþingi er 45.000 kr. á ári. Ekki er gert ráð fyrir að hirða úrgangs við frístundabyggð sé innan lóðar. Sé það hins vegar gert flokkast viðkomandi íbúð sem hefðbundin íbúð, þ.e. sé í alfaraleið sorphirðu og greiðist þar með almennt fastagjald auk breytilegs árgjalds (losunargjald íláta).

4. gr.

Á móttökustöð er t.a.m. notast við klippikort sem veitir aðgang og nær yfir losun á öllum gjaldskyldum úrgangi.

Innifalið í árlegu fastagjaldi sorphirðu á íbúð og frístundabyggð er eitt fullt klippikort sem veitir heimild til losunar á móttökustöð og hvert klipp gildir fyrir 0,25 m³, sem samsvarar 240 lítra heimilistunnu. Sveitarfélagið hefur til sölu aukaklippikort sem einstaklingar og fyrirtæki geta keypt samkvæmt 6. gr.

Á móttökustöð er tekið á móti úrgangi sem úrvinnslugjald er lagt á, án endurgjalds.

5. gr.

Ekki er tekið gjaldfrjálst á móti dýrahæjum og starfsmaður þjónustuaðila skal aðstoða við að flokka slíkan úrgang að fenginni lýsingu úrgangshafa. Losendur úrgangs eru ábyrgir fyrir greiðslu gjaldskylds úrgangs. Framvísun klippikorts er ígildi greiðslu.

6. gr.

Árgjald fyrir ílát.

Fyrir blandaðan heimilisúrgang:		
Tegund íláts og rúmmál	Hirðutiðni	Gjald kr./ílát á ári
140 lítra tunna	21 dags fresti	21.400

240 lítra tunna	14 daga fresti	30.600
240 lítra tunna	21 dags fresti	26.800
360 lítra tunna	21 dags fresti	33.800
660 lítra ker	21 dags fresti	54.400
2,5 m ³ yfirborðsgámur	21 daga fresti	148.900
Fyrir pappír:		
<i>Tegund íláts og rúmmál</i>	<i>Hirðutíðni</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
140 lítra tunna	21 dags fresti	10.200
240 lítra tunna	21 dags fresti	10.700
360 lítra tunna	21 dags fresti	12.100
660 lítra ker	21 dags fresti	14.900
2,5 m ³ yfirborðsgámur	21 dags fresti	54.000
140 lítra tunna	42 daga fresti	4.700
240 lítra tunna	42 daga fresti	5.200
360 lítra tunna	42 daga fresti	6.200
660 lítra ker	42 daga fresti	9.000
2,5 m ³ yfirborðsgámur	42 daga fresti	27.400
140 lítra tunna	28 daga fresti	7.100
240 lítra tunna	28 daga fresti	7.600
Fyrir plast:		
<i>Tegund íláts og rúmmál</i>	<i>Hirðutíðni</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
140 lítra tunna	21 dags fresti	10.900
240 lítra tunna	21 dags fresti	11.200
360 lítra tunna	21 dags fresti	12.400
660 lítra ker	21 dags fresti	15.400
2,5 m ³ yfirborðsgámur	21 dags fresti	55.200
140 lítra tunna	42 daga fresti	5.100
240 lítra tunna	42 daga fresti	5.400
360 lítra tunna	42 daga fresti	6.400
660 lítra ker	42 daga fresti	9.200
2,5 m ³ yfirborðsgámur	42 daga fresti	27.500
140 lítra tunna	28 daga fresti	7.700
240 lítra tunna	28 daga fresti	8.000
Fyrir matarleifar:		

<i>Tegund íláts og rúmmál</i>	<i>Hirðutiðni</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
140 lítra tunna	21 dags fresti	15.800
240 lítra tunna	21 dags fresti	17.900
240 lítra tunna	28 daga fresti	14.300

Aðrir gjaldaliðir:

Klippikort sem veitir aðgang að móttökustöð: 18.000 kr. fyrir kort með 20 klipp og 9.000 kr. fyrir kort með 10 klipp.

Umsýslugjald vegna breytingar á þjónustu, t.a.m. breyttu vali á ílátum er 4.000 kr. fyrir hverja breytingu við viðkomandi íbúð eða þyrpingu íbúða sem samnýta ílát, burtséð frá fjölda íláta eða þjónustu sem breytt er í einu í viðkomandi skipti.

Gjald fyrir aukalosun tunna og kera er 4.000 kr. en gjald fyrir aukalosun gáms er 4.000 kr. en við það gjald bætist losunargjald.

7. gr.

Sveitarfélagið rekur urðunarstað við Kópasker þar sem heimilt er að urða úrgang sem á uppruna sinn á Kópaskeri, Raufarhöfn eða í dreifbýli í nágrenni þeirra. Heimilt er að taka við úrgangi sem hefur verið meðhöndlaður og flokkast ekki undir spilliefni samkvæmt reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Sveitarfélagið rekur urðunarstað í Laugardal við Húsavík þar sem heimilt er að urða úrgang sem hefur verið meðhöndlaður og telst til óvirs úrgangs, sbr. tl. 2.1 í II. viðauka við reglugerð um urðun úrgangs, nr. 738/2003.

Tekið er gjald fyrir móttöku sorps til urðunar sem ætlað er að standa undir rekstri urðunarstaða.

8. gr.

Gjald fyrir urðun úrgangs á urðunarstöðum í rekstri Norðurþings:

Við Kópasker: Allur úrgangur sem heimilt er að urða, 42 kr./kg eða 12.600 kr./m³ (auk vsk ef við á).

Í Laugardal: Óvirkur úrgangur sem heimilt er að urða, 42 kr./kg eða 12.600 kr./m³ (auk vsk ef við á).

9. gr.

Skipulags- og framkvæmdaráði Norðurþings er heimilt að gera sérstaka samninga um móttöku úrgangs og aðra þjónustubætti þegar um er að ræða afmarkaðri eða víðtækari þjónustu en gjaldskrá tekur til.

10. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá gjaldanda án undangengins dóms, sbr. 4. mgr. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

11. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af skipulags- og framkvæmdaráði og staðfest í sveitarstjórn Norðurþings með heimild í 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1532/2024.

Norðurþingi, 15. desember 2025.

Katrín Sigurjónsdóttir sveitarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 2. janúar 2026